

KIRKJUGARÐARÁÐ

20. fundur haldinn miðvikudaginn 21. júní 2004
kl. 11:10 í fundarsal á fjórðu hæð í Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson og Smári Sigurðsson. Þórsteinn Ragnarsson boðaði forföll, en í staðinn mætti varamaður hans, Jóhannes Pálmason. Margrét Hallgrímsdóttir sat hluta fundar. Kristín H. Sigurðardóttir sat fundinn og ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Hjörtur Stefánsson verkfræðingur.

1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 11:10.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

3. Viðmiðunarreglur um samskipti sveitarfélaga og kirkjugarða

Hjörtur Stefánsson kynnti drög að samstarfsreglum vegna skiptingar kostnaðar milli sveitarfélaga og kirkjugarðsstjórnar. Rætt var um kostnað vegna viðhalds girðinga. Var það skilningur Hjartar að efnisliður færi á sveitarfélag og vinna á kirkjugarð, rétt eins og í samstarfsreglunum varðandi það að reisa girðingar.

Rætt var um nauðsyn þess að þessi skipting kæmi skýrt fram í reglunum. Þeirri spurningu var velt upp hvort kirkjugarðar greiddu gatnagerðargjöld af byggingum. Nauðsyn er að kanna hvort svo sé. Framkvæmdastjóri nefndi að skv. kirkjugarðalögum kæmi ekki fram að sveitarfélög ættu að greiða bílastæði v. kirkjugarða. Fulltrúi sveitarstjórna benti á að sveitastjórnir greiddi ekki fyrir þetta úti á landi, heldur Vegagerðin. Reyndar færi greiðslufyrirkomulagið eftir aðstæðum. Framkvæmdastjóri benti á að lögin segðu að þetta ætti eingöngu við ef kirkja væri í garði. Ef svo er ekki þá ber sveitarstjórn að greiða, Fulltrúi sveitarstjórna nefndi að þetta væri hlutverk Vegagerðarinnar, þ.e.a.s. ef verkefnið er á safnvegaskrá hennar. Samkvæmt lögum ætti sveitarfélagið að gera vegina. Ath. lög 1993.

Valtýr mun senda upplýsingar um verklagsreglurnar varðandi kostnað vegna vegalagningar og bílastæðagerðar til Hjartar. Skipulagslög gilda um þau svæði sem eru utan kirkjugarða hvað varðar kostnað við gerð bílaplana. Komið hefur þegar fram varðandi skipulagsvinnu hver stendur fyrir þeirri framkvæmd. Lagnir. Í þessu samhengi þarf að kanna hvort kirkjugarðar eigi að greiða gatnagerðargjöld. Greiðsla vegna heimaæða þurfi að byggja á reglum hvers sveitarfélags. Ýmis búnaður/girðingar: Samþykkt að gerðar yrðu lagfæringar.

Valtýr fer yfir þetta og lætur lögfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga lesa það yfir og sendir síðan til baka. Að því loknu verður það sent til okkar og síðan sent til Kirkjugarðasambands Íslands.

4. Málefni Saurbæjar í Eyjafirði

Ágreiningur er kominn þar upp út af steiptum vegg utan um leiði. Sónarnefndarformaður hefur óskað umsagnar biskups. Málið er einnig hjá prófasti og er því ekki mál Kirkjugarðaráðs. Framkvæmdastjóri kynnti málið. Maður, ættaður af svæðinu, vill verja leiði foreldra sinna með steiptum vegg. Var samþykkt að hann fjarlægði hann ef mótmæli kæmu frá sóknefnd. Ekki mál biskups nema að prófastur vísi því til hans.

Sóknefnd lætur manninn skrifa undir að fjarlægja megi þetta hvenær sem er og verði gert í tengslum við viðgerðir á garðinum sem áætlaðar eru eftir 2-3 ár.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri kynnti styrkbeiðni frá sóknefndum á Suðurnesjum. Þær óska eftir fjárstuðningi vegna endurnýjunar á kapellunni við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Smári mælir gegn því að sóknefndirnar séu að blanda sér í þetta mál. Greitt verið hefur til sjálfstæðra húsa, svo sem þar sem líkhús og kapella eru saman. Þetta er inni á annarri stofnun, sjúkrahúsi og af þeirri ástæðu á að hafna því. Samræmist ekki reglum sem sjóðsstjórn hefur sett sér varðandi úthlutanir.

Smári nefndi að gjaldamódelið væri í uppnámi og að ráðuneytið ætlaði að slíta samningaviðræðum. Tregða komst m.a. í vinnuna vegna mótmæla Kirkjugarðar Hafnarfjarðar. En gjaldamódelið hafði verið samþykkt á Kirkjuþingi þrátt fyrir mótatkvæði Kirkjugarðar Hafnarfjarðar. Nefndin sem vinnur að gjaldamódelinu hefur óskað eftir fundi með Birni Bjarnasyni dóms- og kirkjumálaráðherra.

6. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 30. ágúst og þá verður farið í ferð austur. Í september yrði fundur um reglurnar þann 13. september kl. 14:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín H. Sigurðardóttir, ritari